

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 3. nóvember 2016
UST201610-208/S.A.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – stækkun leyfis fyrir seiðastöð Arctic Smolt að Norður-Botni í Tálknafirði.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er umtalsverð stækkun á seiðaeldi fyrirtækisins að Norður-Botni eða úr núverandi 200 tonnum í 1.000 tonna ársframleiðslu.

Þrátt fyrir að fyrirhugað sé að fimmfalda framleiðslu stöðvarinnar kemur fram í tilkynningu Arctic Smolt að fyrirhugað sé að notast við mun fullkomnari vatns endurnýtingar og hreinsunarbúnað í stöðinni en notast er við í núverandi stöð. Því muni vatnsnotkun minnka mikið og sökum hins nýja búnaðar muni magn næringarefna sem berst frá stöðinni minnka miðað við núverandi framleiðslu með núverandi hreinsun. Segir í tilkynningunni að laxaseiði muni ekki geta sloppið úr seiðaeldisstöðinni þar sem stálristar séu á frárennsli frá körum og þar að auki fari allt vatn í gegnum tromlufilter áður en það er losað úr stöðinni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé nægilega vel gerð grein fyrir vöktun í tilkynningunni og mun óska eftir nákvæmari vöktunaráætlun komi til útgáfu starfsleyfis.

Athygli er vakin á að frárennsli frá stöðinni þarf að uppfylla reglugerð nr. 789/1999, um fráveitur og skolp.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
teymisstjóri

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur